


FIMM

Ábendingar fyrir handhreinsun



1 FYRIR SNERTINGU VIÐ SJÚKLING	HVENÆR? Hreinsaðu hendur áður en þú snertir sjúkling. AFHVERJU? Til að verja sjúkling gegn skaðlegum örverum á höndum þínum.
2 FYRIR VERK SEM KREFST HREINNA/ASEPTÍSKRA VINNUBRAGÐA	HVENÆR? Hreinsaðu hendur rétt fyrir hreint/aseptískt verk. AFHVERJU? Til að verja sjúkling gegn skaðlegum örverum, bæði úr hans eigin flóru og af höndum þínum.
3 EFTIR MÖGULEGA LÍKAMSVESSAMENGUN	HVENÆR? Hreinsaðu hendur strax eftir mögulega mengun af líkamsvessum (og eftir hanskantökun). AFHVERJU? Til að vernda sjálfan þig og umhverfið fyrir skaðlegum örverum frá sjúklingi.
4 EFTIR SNERTINGU VIÐ SJÚKLING	HVENÆR? Hreinsaðu hendur eftir snertingu við sjúkling og nærumhverfi hans, þegar farið er frá sjúklingi. AFHVERJU? Til að vernda sjálfan þig og umhverfið fyrir skaðlegum örverum frá sjúklingi.
5 EFTIR SNERTINGU VIÐ UMHVERFI SJÚKLINGS	HVENÆR? Hreinsaðu hendur eftir snertingu við hluti eða húsgögn í umhverfi sjúklings þegar farið er frá sjúklingi, þó að hann hafi ekki verið snertur. AFHVERJU? Til að vernda sjálfan þig og vinnuumhverfið fyrir skaðlegum örverum frá sjúklingi.



World Health
Organization

MEÐ HREINUM HÖNDUM

